

Ed.

251. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skráning skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Aðalbreytingin á gildandi lögum, er frv. þetta fer fram á, er sú, að hin daglegu störf við skráningu skipa og endurskoðun skipamælinga verði framkvæmd í skrifstofu skipaskoðunarstjóra, í stað þess að eftir gildandi lögum eru þan að mestu af hendi leyst sem ankastörf manna í fjármálaráðuneytinu.

Þar sem þegar hefir verið sett á stofn sérstök skipaskoðunarskrifstofa samkv. lögum nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, þá telur nefndin þessa breytingu eðlilega og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 12. gr. Síðasti málslíður 1. málsg. orðist þannig:

Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenskt skip.

Alþingi, 10. marz 1930.

**Jón Baldvinsson,
form.**

**Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.**

Jóh. Jóhannesson.